

Viðbótarsamkomulag - C2

vísitölumiðaðrar söfnunarlífeyristryggingar (**PrivatRente WachstumGarant**)

Nafn tryggingartaka	Kennitala
Númer samnings	

Viðbótarsamkomulag þetta er hluti samnings um vísitölumiðaða söfnunarlífeyristryggingu (lífeyristryggingu) milli tryggingartaka og Versicherungskammer Versicherungsgemeinschaft SAARLAND Leben („tryggjanda“).

Tryggingartaki staðfestir með undirskrift sinni að honum er kunnugt um þær reglur sem hér fara á eftir og að hann sé þeim samþykktur:

- Tryggingartaki hefur kynnt sér efni samnings beggja aðila um lífeyristryggingu, sem og almenna skilmála vísitölumiðaðrar söfnunarlífeyristryggingar (PrivatRente WachstumGarant).
- Hinn tryggði staðfestir að hann hafi kynnt sér efni gildandi löggjafar, vgl. íslensk lög um váttryggingarsamninga, Lög nr. 30/2004, 2. mgr. 8. gr.
- Um samninginn gildir réttur Sambandslýðveldisins Þýskaland. Ríkjandi lög og reglugerðir sem um samningssamband milli tryggjanda og tryggingartaka gilda eru einkamálalög (Bürgerliches Gesetzbuch), lög um tryggingasamninga (Versicherungsvertragsgesetz), reglugerð um upplýsingaskyldu samkvæmt lögum um tryggingasamninga (Versicherungsvertragsgesetz), lög Sambandslýðveldisins um persónuvernd (Bundesdatenschutzgesetz), evrópska grunnreglugerðin um persónuvernd (Europäische Datenschutzgrundverordnung), lög um peningapvætti (Geldwäschegesetz), lög um tekjuskatt (Einkommensteuergesetz) og lög um tryggingaefntilvit.
- Samningstungumál er þýska og samskipti á rituðu máli fara fram á þýsku. Samningsgögn liggja fyrir á þýsku og íslensku. Þýðingar sem kunna að verða nauðsynlegar á gögnum eða rituðu efni yfir á íslensku skal tryggingartaki láta vinna á eigin kostnað. Komi fram misræmi milli þýska og íslenska textans er útgáfa þýska textans ráðandi.
- Tryggingartaka er kunnugt um og er samþykktur því að mál gegn tryggjanda á grundvelli tryggingarsamningsins er aðeins hægt að reka fyrir þýskum dómstól í því héraði þar sem tryggjandi hefur aðsetur sitt.
- Tryggingartaki er háður gengisáhættu vegna þess að inneignin er bundinn í evrum. Ef gengi evru gagnvart mynt heimalandsins fellur, leiðir það til þess að verðgildi greiðslna lækkar. Ef gengi evru gagnvart mynt heimalandsins hækkar, getur það leitt það til þess að verðgildi greiðslna hækkar.
- Allar greiðslur tryggjanda gjaldfalla í evrum.
- Ef til uppsagnar samnings kemur getur inneignin sem þá skal greiða, það er að segja endurkaupvirði tryggingarinnar - einkum á upphafstíma samnings - verið áberandi lægra en greidd iðgjöld. Hæð endurkaupsvirðis er ekki hægt að ábyrgjast og nemur því 0,00 evrum allan samningstímann. Yfirlit yfir endurkaupsvirði, án skuldbindinga, við lok tryggingarárs hverju sinni, er að finna í þýsku útgáfu upplýsingapakkans undir tölulið III.3 „Endurkaupsvirði, iðgjaldafrjár tryggingagreiðslur og að hve miklu leyti þessar greiðslur eru tryggðar.“
- Rétt hafi staðfestir að hann hafi kynnt sér ákvæði samningsins um tilhögun innheimtu iðgjalda. Hann fellst á að þegar SEPA greiðslumiðlunarkerfið verður tekið upp sé váttryggjanda heimilt að breyta tilhögun innheimtu iðgjalda þannig að þau greiðist í gegnum SEPA kerfið.
- Hér gilda Almennir skilmálar fyrir vísitölumiðaða söfnunarlífeyristryggingu (PrivatRente WachstumGarant). Þeir eru óaðskiljanlegur hluti tryggingarsamningsins, nema samið hafi verið um frávik frá þeim.

Frávik frá almennu skilmálunum:

Tryggingartaki staðfestir með undirskrift sinni að honum er kunnugt um frávikin frá almennum skilmálum fyrir vísitölumiðaða söfnunarlífeyristryggingu og að hann sé þeim samþykkur:

- Andstætt því sem segir í 4. mgr. 4. gr. Almennra skilmála vísitölumiðaðrar söfnunarlífeyristryggingar er samið um að ekki sé hægt að fara fram á að innifalin sé starfsörorku-viðbótartrygging, viðbótartrygging vegna andláts af slysförum eða Risiko-viðbótartrygging.
- Andstætt því sem segir í 5. mgr. 4. gr. Almennra skilmála vísitölumiðaðrar söfnunarlífeyristryggingar er samið um að ekki sé hægt að fara fram á að samningnum verði breytt yfir í aðra lífeyristryggingargjaldskrá.
- Andstætt því sem segir í 5. gr. almennra skilmála vísitölumiðaðrar söfnunarlífeyristryggingar er samið um að hækkun tryggingarverndar (einstaklingsbundinn aðlögunarréttur) sé útilokuð.
- Andstætt því sem segir í 3. mgr. 13. gr. Almennra skilmála vísitölumiðaðrar söfnunarlífeyristryggingar er samið um að ekki sé hægt að framselja eða veðsetja til þriðju aðila rétt til greiðslu.
- Andstætt því sem segir í 5. mgr. 15. gr. Almennra skilmála vísitölumiðaðrar söfnunarlífeyristryggingar er samið um að ekki sé hægt að fara fram á að tímabundna stöðvun greiðslu iðgjalda (frestun greiðslu iðgjalda).

Upplýsingar um skattalega meðferð

Skattaleg meðferð í Þýskalandi:

Reglubundnar lífeyrisgreiðslur úr lífeyristryggingu eru alltaf tekjuskattsskyldar í Þýskalandi - með fyrirvara um núgildandi tvísköttunarsamkomulag (DBA) milli Íslands og Þýskalands. Vátryggjandi er því skuldbundinn til að senda inn tilkynningu til miðlægrar skattstofu Sambandslýðveldisins (Bundeszentralamt für Steuern, BZSt) um greiðslu lífeyris.

Vegna þess eftirlitstilkynningarkerfis sem nú er við lýði eru greiðslur höfuðstóls ekki fjármagnstekjuskattsskyldar þegar sá sem á rétt á greiðslu af höfuðstól er með búsetu á Íslandi. Því er ekki þörf á að senda inn beiðni um skattleysi og fellur innsendingin niður.

Skattaleg meðferð á Íslandi:

Lífeyrisgreiðslur eru að fullu tekjuskattsskyldar á Íslandi.

Vegna greiðslna til tryggingartaka þarf vátryggjandi ekki að halda eftir staðgreiðslu vegna íslenskra skatta. Það er alfarið á ábyrgð viðtakandi að tilgreina þær í skattframtali til íslenskra yfirvalda og standa skattaleg skil á þeim. Ef farið er fram á, samkvæmt 2. mgr. 16. gr. Almennra skilmála vísitölumiðaðrar söfnunarlífeyristryggingar, greiðslu inneignar sem nemur upphæð þeirrar heildarinneignar sem fyrir hendi, - ef hinn tryggði veikist alvarlega -, er greiðsla þessarar heildarinneignar ekki tekjuskattsskyld, samkvæmt þeim þýsku skattalagareglum sem nú eru í gildi. Við getum þó ekki dæmt um hvort slík útborgun sé skattsskyld samkvæmt íslenskum skattarétti. Það er því alfarið á ábyrgð viðtakanda útborgana að standa skil á skattalegum skyldum sínum.

Staður og dagsetning

Undirskrift tryggingartaka